

Kynningarbréf

1st Björk International

Kt. 550110-1130

220 Hafnarfjörður, Ísland

Haukakraun 1

bjorkinternational@gmail.com



Kæri/Kæra,

1st Björk International er nýtt mót sem haldið er á vegum Fimleikafélagsins Bjarka. Þó svo að um fyrsta mót sé að ræða er ætlunin að það verði að árlegum viðburði og muni stækka að umfangi eftir því sem árin líða. Mótið verður haldið helgina 9. - 10. nóvember nk. í Bjarkarsalnum að Haukakrauni. Keppt verður í frjálsum æfingum sem er erfiðasti keppnisflokkur í fimleikum. Keppendur verða um 30-50 stúlkur á aldrinum 11-15 ára sem keppa í Youth-stúlknafllokki og í Junior-unglingaflokki. Keppt verður í fjölþraut á laugardeginum en á sunnudeginum verða úrslit á einstökum áhöldum.

Það eru 13 stúlkur í hópnum KS1, en þjálfarar og foreldrar skipuleggja mótið og standa að framkvæmd þess. Það er mikil vinna sem felst í því að halda slíkt mót og er það að mestu leyti unnið í sjálfboðavinnu. Þá er töluverður kostnaður sem fylgir því að halda mót t.d. laun dómara, verðlaun, matur svo fátt eitt sé nefnt. Þessar duglegu og efnilegu stúlkur óska eftir stuðningi þar sem mótið er stór liður í fjáröflun þeirra fyrir mót sem þær munu sækja erlendis í vetur sem og æfingabúðir sem fyrirhugaðar eru næsta sumar.

Allir styrkir eru vel þegnir hvort sem um er að ræða fjármuni eða aðrar gjafir eða varning.

Með fyrirfram þökk,
Fyrir hönd Björk International
Dominiqua Alma Belányi, Jóhannes Níels og Nína María Guðnadóttir

Hugmynd að styrk sem má útfæra:

- Í boði verður að “kaupa áhald” en þá munu verðlaun fyrir það áhald vera nefnt eftir fyrirtækinu. Verðlaunin fyrir fyrstu þrjú sætin yrðu þá frá því fyrirtæki. Dæmi: Fyrirtækið Filman ehf “kaupir stökk” og greiðir X kr. fyrir og fyrstu 3 verðlaunasæti (gjafir) í hvorum flokki. Fyrirtækið fengi jafnframt rétt til að setja upp auglýsingaskilti við stökkið ásamt því að stökkið myndi heita eftir því “Filmustökk”.

- Litlar gjafir í gjafapoka fyrir þátttakendur mótsins.

- Leggja má styrkfjárhæð inn á reikning

545-14-404371

Kt. 550110-1130